



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 21/2010

Breytilegir vextir á bílaláni frá Avant hf.

I.

Erindið

Neytendastofu barst kvörtun vegna skilmála á bílasamningi við Avant hf. með erindi, dags. 17. apríl 2009. Í erindinu kemur fram að kvartandi hafi þann 20. júní 2007 keypt bifreið og fjármagnað kaupin með bílaláni frá Avant. Skuldabréfið sé í íslenskum krónum, tryggt með vísitölu neysluverðs og með breytilegum vöxtum. Um vextina segir í 2. gr. samningsins: „*skuldari skuldbindur sig til að greiða tilgreinda ársvexti, sem skulu vera vextir samkv. gildandi vaxtaskrá AVANT hf., um bílalán, eins og hún er á hverjum tíma fyrir verðtryggð skuldabréf ...*“ Við eftirgrennslan greindi Avant frá því að breytilegir vextir fylgdu breytingum á stýrivaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands þó svo að í samningi væri ekki beint vísað til þess.

Á skuldabréfinu séu upphafsvextir tilgreindir 7,25% en á þeim tíma voru stýrivextir Seðlabanka Íslands 13,3% og vaxtamunur því 6,05%.

Þegar leið á árið 2008 hafi komið í ljós að ekki var samhljómur á milli breytinga á stýrivöxtum Seðlabanka og Avant. Þegar athygli starfsmanna Avant hafi verið vakin á því að breytingar á vöxtum samræmdust ekki breytingum á stýrivöxtum Seðlabanka hafi kvartanda verið bent á að hafa samband við lánasérfræðing sem gerði grein fyrir því að markaðsdeild væri með vitneskju um þetta og að haft yrði samband við kvartanda. Í byrjun september 2008 hafi kvartandi náð sambandi við markaðsstjóra sem lofaði að senda skýringar á vaxtabreytingunum. Enn hafi ekkert svar borist við því.

Kvartandi telur Avant brjóta gegn ákvæðum 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 þar sem kveðið sé á um að séu vextir breytilegir skuli greint frá því með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir geti breyst.



II.

Málsmeðferð

1.

Erindið var send Avant til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 5. október 2009. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi ákvæði 6. gr. laga um neytendalán einnig geta komið til álita í málinu. Auk þess var vakin athygli Avant á ákvörðun stofnunarinnar nr. 6/2009 „*Kvörtun Guðmundar Hauks Sigurðarsonar yfir skilmálum myntkórfuláns Kaupþings banka hf.*” og úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 9/2009 „*Kæra Kaupþings hf. á ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 6/2009*”.

2.

Svar Avant barst með bréfi, dags. 15. október 2009. Af hálfu Avant er því hafnað að niðurstaða úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 9/2009 verði lögð til grundvallar í málinu þar sem í fyrsta lagi varði úrskurðurinn skilmála erlends láns en ekki lánaskilmála í íslenskum krónum eins og í máli þessu og í öðru lagi hafi í úrskurði nr. 9/2009 ekki verið lögð fram öll viðeigandi rök af hálfu Kaupþings sem skipti máli við úrlausn stofnunarinnar á þeim ágreiningi sem hér sé uppi.

Skilmálar Avant séu í samræmi við venjubundna framkvæmd á sambærilegum lánum íslenskra banka og fjármögnunarfyrirtækja og séu atvik því önnur en í tilviki Kaupþings, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 9/2009. Hljóti almenn framkvæmd á framsetningu vaxtakjara í lánssamningum í íslenskum krónum að vega þungt við mat á því hvort að skilmálar greini með fullnægjandi hætti frá þeim aðstæðum sem áhrif hafi á vaxtabreytinguna.

Ekki verði ráðið af 9. gr. laga um neytendalán að þess sé fortakalaust krafist að upplýst sé með skriflegum hætti í lánasamningnum um það við hvaða aðstæður vextir geti breyst. Þá sé óljóst í lögnum hversu nákvæm útlistun þurfi að vera á þeim aðstæðum sem varðað geti breytingar á vöxtum. Hljóti það að fara eftir atvikum hverju sinni, hversu ítarlega þurfi að greina frá slíkum aðstæðum. Avant telji nægjanlegt að gerð sé munnlega grein fyrir vaxtabreytingarástæðum þegar samið sé um lánið. Það helgist m.a. af samkeppnisástæðum. Ef hver og einn lánveitandi skýri frá því í hörgul með skriflegum hætti við hvaða aðstæður vaxtabreytingar kunni að verða, sé hætt við að litið yrði á slíkt sem ólögmætt samráð, þ.e. samstilltar aðgerðir, í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2006, sbr. 10. gr. og 12. gr., sbr. 41. gr. Að minnsta kosti sé ljóst að samkeppni yrði verulega raskað. Jafnframt hefðu keppinautar við slíkar aðstæður aðgang að upplýsingum sem teljist viðskiptaleyndarmál fyrirtækis í skilningi 16. gr. laga nr. 57/2005 en almennt sé óskyldt að veita aðgang að slíkum upplýsingum og njóti þær sérstakrar verndar, eins og oft hafi komið fram í úrskurðum Neytendastofu og áfrýjunarnefndar neytendamála. Tilgangur neytendalánalaga sé að tryggja aðgang neytandans að upplýsingum um þær almennu ástæður sem geti leitt til



vaxtabreytinga en ekki að veita neytandanum aðgang að viðkvæmum rekstrarupplýsingum sem lúta að fjármögnun fyrirtækisins.

Í skuldabréfinu og lánaskilmálum sé kveðið á um að vextir skuli vera breytilegir eftir vaxtaskrá félagsins. Skilja verði ákvæði neytendalánalaga svo að lántaki verði við samningsgerðina að bera fram ósk um að vera upplýstur um þær aðstæður sem áhrif kunni að hafa á breytilega vexti. Almenn vitneskja sé um að vextir til útlána myndist aðallega af grunnvöxtum, álagi grunnlánveitanda og sérstöku álagi fjármögnunaraðila, Avant í þessu tilfelli, ofan á fyrri tvo liðina. Í ljósi þess sé ekki krafist sérstakra útskýringa af hálfu lántakenda á því hvernig vextir í íslenskum krónum séu samsettir. Það heyri til undantekninga að útskýringa sé krafist sem beri með sér að samsetning á vöxtum sé almennt þekkt á viðkomandi markaði enda byggir Avant á áralangri og viðurkenndri framkvæmd að þessu leyti.

Avant telji lagaskilyrði ekki til þess að beita banni við notkun vaxtaskilmála nema því aðeins að lánveitandi hafi áður hafnað tilmælum lántaka um útskýringu á þeim aðstæðum sem geti breytt vöxtum. Engin sönnun liggi fyrir um það að Avant hafi hafnað því að veita umræddar upplýsingar. Raunar megji ráða af erindi kvartanda að hann hafi fengið útskýringar en ekki talið þær fullnægjandi. Málið snúist því ekki síst um það hvað teljist fullnægjandi útskýring í skilningi 6. gr. og 9. gr. laga um neytendalán.

Avant telji, að því marki sem tilgreining á vaxtabreytingaraðstæðum kunni að vera ábótavant, að bæta megji úr slíkum annmörkum hvenær sem er. Avant sé reiðubúið að upplýsa um þá almennu þætti sem hafi áhrif á vaxtabreytingar á útlánum félagsins og telur að við slíkar aðstæður sé bann við notkun vaxtaskilmálanna brot á meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, sbr. 12. gr. laga nr. 37/1993, þar sem slík niðurstaða sé óhóflega íþyngjandi og ósanngjörn fyrir Avant sem leiði til gífurlegrar röskunar á stöðu Avant í samningssambandinu. Hafa beri í huga að kvartandi væri þá að njóta stöðu sem sé umfram þann tilgang sem kveðið sé á um í 9. gr. laganna.

Því telji Avant að bann verði einungis réttlætanlegt í tveimur tilvikum: í fyrsta lagi ef vaxtabreytingaraðstæður séu ekki nægjanlega upplýstar þegar þeirra sé óskað og í öðru lagi ef vaxtabreytingaraðstæður séu þess eðlis að ekki verði talið sanngjarnt að neytandi hlíti þeim. Hvorugt eigi við í tilviki Avant.

Í ljósi framangreinds sé því hafnað að vaxtaskilmálar Avant í lánssamningi við kvartanda brjóti gegn 6. gr., sbr. 9. gr., laga um neytendalán. Telji Neytendastofa hins vegar að vaxtaskilmálar brjóti gegn tilvitnuðum ákvæðum laganna sé þess krafist að þeir fái að standa svo breyttir sem greint verði frá í síðara bréfi Avant.



3.

Í bréfi Avant, dags. 16. nóvember 2009, segir að breytilegir vextir skv. vaxtaskrá Avant stjórnist annars vegar af markaðsaðstæðum á fjármálamörkuðum, sem ráðist annars vegar af millibankavöxtum og hins vegar af þeim vaxtakjörum sem Avant njóti hjá fjármögnunaraðilum sínum og kalla megi grunnvexti, og hins vegar af samkeppnisumhverfi félagsins á bílalanamarkaði hérlandis, sem stýri því hvert álag Avant ofan á grunnvexti sé hverju sinni. Þar sem framangreind atriði séu í eðli sínu afar breytileg telji Avant sig ekki geta gefið nákvæmari lýsingu á vaxtabreytingaaðstæðum breytilegra vaxta en félagið lýsi sig reiðubúið að setja ofangreinda skýringu í vaxtaskrá félagsins sem sé aðgengileg viðskiptavinum þess á heimasíðu Avant.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 24. nóvember 2009, voru kvartanda send bréf Avant til upplýsinga og aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun þess væri lokið.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu er kvartað yfir skilmálum bílasamnings Avant í íslenskum krónum vegna breytinga á vöxtum. Telur kvartandi samninginn brjóta gegn ákvæði 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 þar sem ekki sé greint frá því við hvaða aðstæður vextir geti breyst. Af hálfu Avant hefur verið á það bent að samkvæmt lögum um neytendalán verði lántaki að bera fram ósk um að verða upplýstur um þær aðstæður sem áhrif kunni að hafa á breytilega vexti. Avant telur að fyrirtækið hafi, skv. lögnum, heimild til að veita þær upplýsingar munnlega enda sé um að ræða viðkvæmar upplýsingar sem í raun séu atvinnuleyndarmál Avant og því mjög óeðlilegt að þær séu gefnar skriflega í samningnum. Þá er á það bent að ákvæði í skilmálum Avant sé í samræmi við skilmála sambærilegra lána annarra lánastofnana. Avant hafi ekki neitað því að veita upplýsingar um breytilegu vextina og því sé ekki lagaskilyrði til að beita banni við notkun skilmálans. Þá telur Avant ákvæði laganna ekki koma í veg fyrir að bæta megi úr annmörkum á upplýsingagjöfinni hvenær sem er og lýsir félagið sig reiðubúið til að koma til móts við lántakann og Neytendastofu með slíkri upplýsingagjöf nú, eftir á.

2.

Með gildistöku laga um neytendalán voru innleidd í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 87/102/EB, um samræmingu á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán. Í tilskipuninni er m.a. um það fjallað að lánssamningar við neytendur skuli vera skriflegir og þar skuli koma fram öll meginatriði samningsins, þ.e. hverjir skuli vera ársvextir og hvaða gjöld falli



á lánið á þeim tíma sem gengið er frá samningnum svo og við hvaða aðstæður og skilyrði megi breyta þeim. Þá kemur fram í aðfararorðum tilskipunarinnar að í lánssamningum ætti ekki að víkja frá ákvæðum þeim sem samþykkt eru til framkvæmdar tilskipuninni eða sem svari til ákvæða hennar sé það neytendum í óhag. Því megi ekki setja samningsákvæði þannig fram að farið sé í kringum ákvæði tilskipunarinnar.

Að því marki sem ákvæði laga um neytendalán fela í sér innleiðingu tilskipunarinnar verður því litið til tilgangs tilskipunarinnar við túlkun lagaákvæðanna.

Ákvæði 6. gr. laga um neytendalán er innleiðing ákvæða tilskipunarinnar og er þar fjallað um þær upplýsingar sem lánveitanda ber að gefa neytanda við gerð lánssamnings. Þar eru m.a. tilteknir vextir í 3. tölulið.

Ákvæði 9. gr. laganna er svohljóðandi:

„Þó að í lögum þessum sé kveðið á um að neytandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, sbr. 6. gr., kemur það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.“

Skv. ákvæðinu er aðilum lánssamnings, þrátt fyrir ákvæði 6. gr., heimilt að semja um breytilega vexti að uppfylltum þeim skilyrðum að tilgreint sé hverjir vextir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður vextirnir breytast.

Hafi lánveitandi ekki veitt lántaka þær upplýsingar sem kveðið er á um í 6. gr. laganna getur það skapað lánveitanda bótaábyrgð, skv. 15. gr. laganna, enda hafi lántaki mátt ætla að lánskjör væru hagstæðari en þau síðar reyndust vera. Tilgangur ákvæðisins er sá að fá lánveitanda til að fullnægja upplýsingaskyldu sinni og er því meginreglan sú að lánveitandi beri afleiðingar af því ef hann fullnægir ekki skyldu sinni skv. 6. gr.

3.

Í bréfi Avant hafa verið færð rök fyrir því að upplýsingar þær sem um getur í 9. gr. laga um neytendalán sé heimilt að veita munnlega og eftir samningsgerðina, ef því er að skipta. Þá hafi lántaki ekki óskað eftir upplýsingunum og ekkert komi í veg fyrir að þær upplýsingar séu veittar eftir samningsgerðina.



Með lögum um neytendalán, sem og tilskipun þeirri sem lögin eru byggð á, er leitast við að styrkja stöðu neytenda gagnvart lánveitanda við lántökur. Því eru þau skilyrði sett í 5. gr. laganna að lánssamningur sé gerður skriflegur og tilgreindar þær upplýsingar sem fram komi í 6. og 8. gr. laganna. Tengsl eru milli ákvæðis 9. gr. laganna og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. og því er það mat Neytendastofu að upplýsingar um vexti skv. 9. gr., þ.e. með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir geti breyst, beri að veita skriflega við samningsgerðina. Sú afstaða stofnunarinnar kom fram í ákvörðun hennar nr. 6/2009 sem staðfest var með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 9/2009. Í 50. málsgrein úrskurðar áfrýjunarnefndar segir:

„Samkvæmt frumvarpi sem varð að lögum nr. 30/1993, sem eru stofn laga nr. 121/1994, er tilgangur frumvarpsins meðal annars að bæta möguleika lántakenda til að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda og þar með gera lántaka auðveldara að meta hvort hann vill taka lánið. Vandséð er hvernig ná má fram þeim tilgangi nema 9. gr. laganna sé skýrð á þann hátt að orðalagið „... tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast“ sé túlkað þannig að lánveitanda sé skylt að upplýsa lántaka um allar breytur sem áhrif hafa til hækkunar eða lækkunar á hlutfalli vaxtanna. Skiptir hér engu máli hvort einhver eða einhverjar af breytunum séu þess eðlis að lántaki geti ekki aflað sér upplýsinga um breytingar á þeim. Þó að vera kunni að hlutfall kjörvaxta ráðist af fleiri atriðum en millibankavöxtum og álagi á þá, breytir það engu um þá skyldu sem 9. gr. laganna leggur á bankann. Hið umþætta ákvæði lánssamningsins veitir engar leiðbeiningar um það hvaða aðstæður geti leitt til breytinga á vöxtunum. Verður að gera þá kröfu til bankans að hann tilgreini, þannig að ekki sé neinum vafa undirorpið, hverjar þessar aðstæður eru svo lántaki geti með fullnægjandi hætti gert sér grein fyrir hvernig vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast eins og skýrlega er kveðið á um í 9. gr. laga nr. 121/1994. Einungis þannig verður gagnsæi lánskjaranna tryggt.“

Með vísan til alls framangreinds getur Neytendastofa ekki fallist á þau sjónarmið Avant að upplýsingarnar séu veittar munnlega eftir samningsgerðina að beiðni lántaka þar um.

Með heimild í 26. gr. laga um neytendalán bannar Neytendastofa Avant notkun samningsskilmála um breytilega vexti án þess að fram komi með hvaða hætti og við hvaða aðstæður vextir séu breytilegir, sbr. 9. gr. laganna.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Avant hf., Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán, með því að tilgreina ekki í skilmálum bílasamnings í íslenskum krónum með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist.

Með heimild í 26. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 bannar Neytendastofa Avant hf. í bílasamningum við neytendur í íslenskum krónum að notast við skilmála um að ársvexti skuli greiða samkvæmt gildandi vaxtaskrá Avant hf. á hverjum tíma.

Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar“

Neytendastofa, 28. apríl 2010

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir